

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
b.t. Gunnars A. Ólasonar
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 28. júlí 2021
UST202107-233/A.P.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 – Skógrækt í Skálholti

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 23. júlí þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er varðar breytta landnotkun á landbúnaðarlandi í skógrækt innan Skálholtsjarðarinnar í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu er 38 ha skógræktarsvæði SL12 stækkað í um 230 ha. Svæðið er norðan Skálholtsvegar og kemur til með að ná norður undir eða norður að öðru skógræktarsvæði sem er í landi Hrosshaga.

Vistgerðir og ásýnd

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við val á landi undir skógrækt séu þau svæði greind sem áætlað er að rækta og landsvæði sem henta til skógræktar skilgreind, áður en ráðist er í stórfellda skógrækt. Greina þyrfti hverjar séu þær vistgerðir og landslagsgerðir sem finnast á þeim svæðum sem áætlað er að nýta fyrir nýræktun skóga, þannig að öruggt sé að það land henti vel til skógræktar og gangi ekki á önnur mikilvæg vistkerfi eða jarðmyndanir.

Í greinargerð kemur fram að svæðið skiptist í lága ása þar sem grjót er sýnilegt á yfirborði en inn á milli er land blautara. Þá kemur fram að helstu vistgerðir séu skógrækt og runnamýrarvist á láglendi sem hefur hátt verndargildi. Umhverfisstofnun bendir á að skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) virðast vera fleiri vistgerðir með mjög hátt verndargildi, þ.e. víðikjarrivist, starungsflóavist, tjarnastarárfloavist og vistgerðir með hátt verndargildi, þ.e. grasengjavist og língresis- og vingulsvist. Allt eru þetta vistgerðir sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.

Notkun innfluttra tegunda ætti að vera með þeim hætti að hún ógni ekki náttúrulegum vistkerfum og taki til fjölbættra landnýtingasjónarmiða og líffræðilegs fjölbreytileika.

Umhverfisstofnun bendir á að í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði og til að varðveita ásýnd svæðisins.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að helstu áhrif af breytingunni séu vegna ásýndar og breytingar á gróðurfari. Umhverfisstofnun bendir á að breytingar á gróðurfari hafa áhrif á allt dýralíf á svæðinu, t.a.m. fugla.

Á svæðinu er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skyldt er að afla framkvæmdaleyfis vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfu eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmið 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal ann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þá má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í greinargerð er nefndur sá möguleiki að skilja eftir opin svæði inn á milli, sleppa því að planta í blautasta landið og viðhalda þannig votlendi svæðisins og fjölbreyttara kjörlendi fyrir fugla. Umhverfisstofnun tekur undir það og telur að fjalla eigi ítarlega um þetta í umhverfismati.

Virðingarfyllst,



Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur